

Fréttabréf

2010

1. tbl. 4. árg.

31. mars 2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Kynning á áætlunum
almannavarna hjá ESB

Bólusetningarátak vegna
inflúensu (H1N1)

Viðbragðsáætlanir
heilbrigðisstofnana

Norðurslóðarverkefnið Co
-Safe

Endurnýjun samninga við
hjálparlið almannavarna

Kynningarflug með
Landhelgisgæslunni

Flugslysæfingar í maí

Evrópusamstarfs-
verkefnið um rýmingar.

Norræn ráðstefna um
notkun landfræðilegra
upplýsinga í tengslum við
vá

Styrkur frá
almannavarnasjóði
Evrópusambandsins

Íslenska alþjóða
rústabjörgunarsveitin á
Haiti

Öflugir jarðskjálftar á Haiti
og í Chile

Snjóflóðahætta í
Mýrdalnum

Eldgos

Eldgos

Um áramót jókst skjálftavirkni í Eyjafjallajökli og hélt áfram fram í mars. Framanaf var skjálftavirknin mest á um 5 til 11 km dýpi en þegar líða tók á tímabilið færðist hún smátt og smátt ofar. Á þessum upphafsmánuðum ársins var allt kapp lagt á að ljúka gerð viðbragðsáætlunar vegna eldgosa í Eyjafjallajökli og að kynna hana fyrir íbúum og viðbragðsaðilum í héraði. Rétt undir miðnætti þann 19. mars barst svo tilkynning frá sjónarvottum í Fljótshlíð að gos væri hafið austantil í Eyjafjallajökli. Viðbragðsáætlun var virkjuð rétt uppúr miðnætti og rýming hættusvæðis umhverfis fjallið og í vestur frá því hafin. Seint um nóttina kom í ljós að eldgosið var norðantil eða norðanvið Fimmvörðuháls á jökullausu svæði. Þegar þetta er skrifað í lok mars hefur eldgosið staðið í þrjár vikur. Nær stöðugur straumur fólks hefur verið að gosstöðvunum eða á aðra staði í nágrenninu þar sem vel sést til eldgossins. Mjög hefur mætt á lögreglu og björgunarsveitum að sinna öryggisgæslu á svæðinu og að sinna hjálparbeiðnum frá fólki sem lagt hefur leið sína á svæðið og svo verður væntanlega enn um sinn.

Ekki verður gerð frekari grein fyrir gangi eldgossins eða aðgerðum tengdu því hér en vísað á heimasíðu almannavarna (www.almannavarnir.is), heimasíðu Veðurstofu Íslands (www.vedur.is) og heimasíðu Jarðvísindastofnunar Háskólans (http://www.jardvis.hi.is/page/jardvis_eyjogos) en á þessum síðum er töluverð umfjöllun um eldgosið. Innan skamms mun almannavarnadeild gefa út sérstakt fréttabréf þar sem einvörðungu verður fjallað um eldgosið.

Snjóflóðahætta í Mýrdalnum

Þann 24. febrúar snjóaði mikið í Mýrdalnum og um tíma skapaðist þar snjóflóðahætta. Nokkuð stórt snjóflóð féll við bæinn Garða í Reynishverfi. Flóðið var um 80 metra breitt og stöðvaðist á íbúðarhúsinu. Í framhaldinu var ákveðið að rýma nokkra bæi í Mýrdalnum þar sem hætta var talin á að fleiri flóð gætu fallið.

Öflugir jarðskjálftar á Haiti og í Chile

Mjög öflugur jarðskjálfti af styrkleikanum 7,3 varð á Haiti þann 13 janúar síðastliðinn og er talið að yfir 200.000 manns hafi látist í skjálfanum og gríðarlegt tjón á innviðum og byggingum. Mikil ringulreið varð í kjölfar skjálftans og var þegar farið fram á aðstoð frá alþjóðasamfélaginu. Þá reið jarðskjálfti yfir Chile þann 27 febrúar af styrkleikanum 8.3 og var gefin út flóðbylgjuviðvörðun, sem síðar reyndist ekki eins alvarleg og talið var í fyrstu.

Íslenska alþjóða rústabjörgunarsveitin á Haiti

Einungis 13 klukkustundum eftir jarðskjálftan á Haiti hélt íslenska rústabjörgunarsveitin af stað til hjálparstarfs í höfuðborginni Port au Prince. Sveitin, alls 35 manns, var meðal fyrstu alþjóða björgunarsveita sem komust á svæðið og hóf strax leitar- og björgunarstörf. Fyrsta verk hennar var að bjarga fólki sem var fast í rústum verslunarmiðstöðvar í borginni. Störf



sveitarinnar vöktu mikla athygli og voru fjölmiðlar hér heima og erlendis iðnir við að sjónvarpa fréttum af vettvangi. Sveitin hefur áður brugðist við í kjölfar jarðskjálfta, árið 1999 í Tryklandi, 2003 í Alsír og 2004 í Marakkó. Þá tók sveitin þátt í skipulagningu sjúkra- og hjálparflugs frá Tailandi til Svíþjóðar árið 2004 vegna flóðbylgjunnar í Asíu í kjölfar jarðskjálfta þar

Styrkur frá almannavarnasjóði Evrópusambandsins

Ísland hefur tekið þátt í í starfi almannavarnanefndar Evrópusambandsins þar sem ríki ESB, Noregur, Ísland og Liechtenstein starfa saman að sameiginlegum hagsmunamálum í almannavörnum. Almannavarnadeildin hefur átt fulltrúa í nefndinni. Í gegnum það samstarf er Ísland beintengt CECIS (The Common Emergency Communication and Information System), sem er samskiptakerfi almannavarna Evrópusambandsins vegna neyðaraðgerða. Öll samskipti vegna neyðaraðgerða fara fram í gegnum þetta kerfi. Í samstarfi við utanríkisráðuneytið var ákveðið að sækja um styrk til almannavarnakerfis Evrópusambandsins og var sótt um fjárhæð til að greiða helming kostnaðar við flug vegna flutnings alþjóðasveitarinnar heim. Alls fékk Ísland 45.000 evrur úthlutað úr almannavarnasjóði Evrópusambandsins vegna flutningskostnaðar alþjóðasveitarinnar.

Norræn ráðstefna um notkun landfræðilegra upplýsinga í tengslum við vá

Dagana 13. til 16. júní næstkomandi gangast samtökin GI Norden fyrir ráðstefnu á Selfossi. Yfirskrift ráðstefnunnar er GIS in Environmental and Risk Management. Ástæða er til að vekja athygli viðbragðsaðila og almannavarnanefnda á þessari ráðstefnu því þar er að vænta fróðlegra erinda um hvernig landfræðilegar upplýsingar og upplýsingakerfi eru nýttar við mat á margskonar vá og hvernig landfræðileg upplýsingakerfi eru notuð við stjórn og skipulag aðgerða á hættustundu. Margt hefur verið unnið með slíkum aðferðum á þeim vettvangi hér á landi, s.s. hættumat vegna snjóflóða og hluti hættumats vegna eldgosa í Mýrdals- og Eyjafjallajökklum. Frekari upplýsingar má finna á vefnum <http://www.landupplýsingar.is>. Skráning á ráðstefnuna er hafin.

Evrópusamstarfsverkefnið um rýmingar.

Almannavarnir hafa undanfarið ár tekið þátt í verkefni um fjöldarýmingar og neyðarviðbúnað vegna hamfara, sem Evrópusambandið styrkir. Aston háskólinn í Bretlandi leiðir verkefnið og hefur fengið til samstarfs sérfræðinga á sviði neyðarstjórnunar og rýminga í Evrópu. Verkefnastjórnin hitti sérfræðinga hér á landi síðastliðið vor. Sveinn Rúnar Kristjánsson úr almannavarnanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Guðrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri í almannavarnadeildinni hafa unnið með verkefnahópnum og kynnt rýmingaráætlanir, mótvægisáðgerðir og annan viðbúnað á Íslandi á námskeiðum í Birmingham og Brussel með neyðarstjórnendum víðs vegar að úr Evrópu. Nú á vordögum mun verkefnahópurinn koma aftur til Íslands og kynna fyrstu niðurstöður verkefnisins fyrir þeim aðilum sem unnu með hópnum þegar hann kom til Íslands fyrir um ári.

Dagana 21 -23 september verður efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu í Birmingham á Bretlandi, International Conference on Emergency Preparedness (InterCEPT), þar sem fjallað verður um rýmingar og neyðarviðbúnað frá mörgum hliðum. Ráðstefnan er á vegum Aston háskóla (Centre for Research into Safety and Security (CRISIS)).



Flugslysaæfingar í maí

Fyrirhugaðar eru tvær flugslysaæfingar í maí næstkomandi. 8. og 9. maí verða æfð viðbrögð vegna flugslyss við flugvöllinn á Ísafirði og 15. og 16. maí verða æfð viðbrögð við flugvöllinn á Vopnafirði. Flugslysaæfingar er samvinnuverkefni heimamanna, Flugstoða, björgunarsveita, Rauða krossins og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Kynningarflug með Landhelgisgæslunni



Guðrún, Rögnvaldur, Íris og Ágúst um borð í TF SIF

Starfsmenn almannavarnadeildarinnar fóru nýverið í kynningarflug í nýju flugvél Landhelgisgæslunnar TF SIF, þar sem farið var yfir þá möguleika sem flugvélin býður upp á. Flugvélin er búin fjölmörgum tækninýjungum, tölvubúnaði og aðstöðu fyrir sjúkraflug. Starfsmenn deildarinnar fengu kynningu á getu vélarinnar og þeim nýjungum sem búnaður hennar býður upp á, sem án efa gætu nýst í almannavarnaástandi, bæði fyrir vísindamenn og þá sem starfa að almannavörnum.

Endurnýjun samninga við hjálparlið almannavarna

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Rauði krossinn og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafa undanfarið unnið að endurnýjun samninga um hjálparlið almannavarna. Fyrstu samningar um hjálparlið almannavarna voru undirritaðir árið 1974 og hafa þeir verið endurnýjaðir reglulega. Þar eru hlutverk og verkefni skilgreind í almannavarnaáðgerðum á hættu og neyðartímum, svo og þjálfun og fræðsla vegna þessara verkefna. Í samræmi við 8. grein í lögum um almannavarnir nr 82/2008 er ríkislögreglustjóra heimilt að semja við sjálfseignastofnanir og félagasamtök um að þeir geti annast framkvæmd almannavarna á tilteknum sviðum.

Norðurslóðarverkefnið Co Safe

Almannavarnadeildin er samstarfsaðili að svokölluðu Co Safe verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaráætlun Evrópusambandsins og ber heitið Cooperation for Safety in sparsely populated areas. Verkefnið snýst um að bæta þjónustu við íbúa þegar stórslys verða. Verkefnið hófst árið 2007 og því lýkur með ráðstefnu í Svíþjóð í febrúar á næsta ári. Sjúkrahúsið á Akureyri leiðir þessa vinnu fyrir hönd Íslands. Dagana 16-19. mars var haldinn



vinnufundur hér á landi og í tengslum við fundinn var alþjóðlegt málþing á hótél KEA. Málþingið bar heitið Hópslys í strjálbýli og var það vel sótt. Almanna- og Varnardeildin var með þrjú erindi á þessum degi og fjórir starfsmenn deildarinnar sóttu þingið. Landsbjörg og Landhelgisgæslan kynntu sína starfsemi og sagt var frá samstarfsverkefni Noregs og Svíþjóðar á sviði fjallabjörgunar. Á vinnufundinum var farið yfir það sem hefur áunnist í þessu verkefni og kynntar niðurstöður úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir viðbragðsaðila í þátttökulöndum varðandi aðbúnað og skipulag þegar hópslys verða. Nánari upplýsingar um Co Safe er að finna hér: www.cosafe.eu Niðurstöður Co Safe verkefnisins verða kynntar í Svíþjóð á næsta ári.

Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana

Áfram er unnið að samræmdum viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana og þann 15. janúar komu ritstjórar viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana saman til vinnufundur í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Vinnufundurinn stóð allan daginn og hófst með fræðslu um TETRA fjarskipti. Pröstur Brynjólfsson frá TETRA, Rögnvaldur Ólafsson frá almanna- og Varnardeild og Ármann Höskuldsson frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands leiddu fræðsluna og fóru yfir tæknilegu hliðina, útbreiðslu og notkun TETRA handstöðva. Að því búnu var unnið að viðbragðsáætlunum og skipst á skoðunum. Þórólfur Guðnason yfirlæknir hjá embætti sóttvarnalæknis sagði frá skipulagi og framkvæmd bólusetninga og síðan var unnið að gerð viðbragðsáætlana fram eftir degi. Markmið er að þann 1. maí verði flestar heilbrigðisstofnanir búnar að uppfæra sínar viðbragðsáætlanir samkvæmt sniðmáti almanna- og Varnardeilda og stutt samskiptaæfing stofnana verður þann 12. nóvember n.k.

Bólusetningarátak vegna influensu (H1N1)

Í febrúar var sett af stað bólusetningarátak vegna svínainflúensunnar. Þá höfðu um tveir af hverjum fimm Íslendingum látið sprauta sig gegn influensunni og er það eitt hæsta hlutfall sem þekktist í heiminum. Almanna- og Varnardeildin vinnur enn á hættustigi vegna heimsfaraldurs influensu og er það í takt við fyrirmæli WHO (Alþjóðaheilbrigðissmálastofnunarinnar). Enn er unnið á hættustigi almanna- og Varnardeilda vegna influensunnar.

Kynning á áætlunum almanna- og Varnardeilda hjá ESB

Sjóður almanna- og Varnardeilda ESB býður upp á styrki vegna rannsókna, þjálfunar og æfinga, svo og viðbragðs í neyðargeiranum.

Um miðjan janúar fór fram kynning á Háskólatorgi á áætlunum og styrkjámöguleikum sem Íslendingum bjóðast hjá Evrópusambandinu. Íslendingar hafa aðgang að fjölda Evrópuáætlana í gegnum EES samninginn. Í gegnum samstarfsáætlanir Evrópusambandsins er hægt að sækja styrki og stuðning innan flestra sviða menntunar og atvinnulífs.

